

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Texas fylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Texas fylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkja-viðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Texas fylki Bandaríkja Norður-Ameríku.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 27. janúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 23. ágúst 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmadóttir.